



Skipulagsstofnun  
Sigurjón Ásbjörnsson  
Laugavegur 166  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 26. mars 2007  
Tilvísun: 2007030009  
Bréfalykill: 22.2

**Efni: Virkjun Svelgsár í Helgafellssveit. Umsögn Orkustofnunar um matsskyldu.**

Orkustofnun hefur með bréfi Skipulagsstofnunar, dags. 9. mars 2007, borist beiðni um umsögn um matsskyldu vegna fyrirhugaðrar virkjunar Svelgsár. Orkustofnun hefur farið yfir gögn málsins. Í sinni einföldustu mynd er virkjunin rennslisvirkjun. Fyrirkomulag inntakslóns miðast við að tryggja ótruflað aðrennsli að aðrennslispípu. Ráðgert er að stíflan verði jarðvegstífla með steypu yfirfalli. Talsvert liggur fyrir af mælingum á vatni.

Fyrirhuguð virkjun er háð virkjunarleyfi iðnaðarráðherra skv. 4. gr. raforkulaga nr. 65/2003, þar sem fyrirhugað er að afhenda orku frá henni inn á dreifikerfi.

Orkustofnun telur að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa veruleg umhverfisáhrif í för með sér, þar sem ekki verði um að ræða veruleg neikvæð áhrif á nýtingu auðlindarinnar til annarra nota. Stofnunin telur því ekki ástæðu til að fram fari mat á umhverfisáhrifum virkjunarinnar.

Virðingarfyllst

Hákon Aðalsteinsson

Elín Smáradóttir